Alþjóðleg nútímalist sýnd á Kjarvalsstöðum

Sýningin frá listasafninu í Epinal í Frakklandi

SÝNING á nútímalistaverkum í eigu listasafnsins í Epinal í Frakklandi verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn. Á sýningunni eru verk eftir ýmsa kunna listamenn, svo sem Frank Stella, Andy Warhol, Gilbert og George, Tony Cragg, Donald Judd og Sigmar Polke. Segir í fréttatilkynningu frá Kjarvalsstöðum að sýningin gefi gott yfirlit yfir þá þróun, sem átt hafi sér stað í myndlist samtímans í Bandaríkjunum og Evrópu, sérstaklega á Ítalíu, Þýskalandi og Frakklandi.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum getur að líta úrval nútímalistaverka safnsins í Epinal, en þar hefur verið lögð áhersla á þær liststefnur sem komu fram í byrjun sjöunda áratugarins, svo sem popplist, minimalisma, arte povera og conceptlist. Er það mat Gunnars B. Kvarans, forstöðumanns Kjarvalsstaða, að á safninu í Epinal sé eitt besta úrval nútímalistar í heiminum í dag.

Undirbúningur þessarar sýningar hefur staðið í ár og hefur franska menntamálaráðuneytið veitt margvíslegan stuðning og fyrirgreiðslu til þess að af henni gæti orðið, að sögn Gunnars. Verkin eru samtals metin á þrjú- til fjögurhundruð milljónir króna og eru þau tryggð hjá norsku tryggingafélagi.

Eftirtaldir listamenn eiga verk á sýningunni: Carl Andre, Giovanni Anselmo, Richard Artschwager, Michael Buthe, Philippe Cazal, Tony Cragg, Dan Flavin, Gilbert og George, Jenny Holzer, Donald Judd, Joseph Kosuth, Richard Long, Mario Merz, Bob Morris, Helmut Newton, Pino Pascali, Sigmar Polke, Jean Pierre Raynaud, Frank Stella, Niele Toroni, Richard Tuttle, Berner Venet, Jaques Mahé de la Villeglé, Wolf Vostell, Andy Warhol og Gilberto Zorio.

Deildarstjóri í stað blaðafulltrúa

STAÐA deildarstjóra í forsætisráðuneytinu hefur verið auglýst laus til umsóknar eftir að ákvörðun var tekin um að leggja niður stöðu blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar.


Að sögn Guðmundar Benediktssonar ráðuneytisstjóra hefur staða blaðafulltrúa verið lögð niður og henni breytt í stöðu deildarstjóra við ráðuneytið. Er þá miðað við að deildarstjórinn eða einhver annar úr ráðuneytinu riti fundargerðir á ríkistjórnarfundum.



Morgunblaðið/Sverrir

Frá uppsetningu sýningar Kjarvalsstaða á alþjóðlegri nútímalist frá listasafninu í Epinal í Frakklandi. Hér afhjúpa þeir Gunnar B. Kvaran forstöðumaður Kjarvalsstaða og Helgi Árnason starfsmaður safnsins verk eftir Helmut Newton.

VEÐUR



Í DAG kl. 12.00:

Heimild: Veðurstofa Íslands
(Byggt á veðurspá kl. 16.15 í gær)

VEÐURHORFUR Í DAG, 19. JÚLÍ

YFIRLIT Í GÆR: Yfir Bretlandseyjum er 1.026 mb hæð en 1.005 mb lægð á Grænlandssundi, þokast norðaustur. Hiti breytist lítið.

SPÁ: Suðvestanátt, kalt eða stinningskaldi og skúrir suðvestan- og vestanlands, en þurrt í öðrum landshlutum.

VEÐURHORFUR NÆSTU DAGA:

HORFUR Á FIMMTUDAG: Hæg suðlæg átt með súld og síðar rigningu sunnan til en þurrt og bjart nyðra. Hlýtt, einkum norðan til.

HORFUR Á FÖSTUDAG: Breytileg átt og víðast súld eða rigning framan af degi en síðan léttir til um norðanvert landið. Lítið eitt kólnandi.

TÁKN:

- Heiðskírt
- Léttskýjað
- Hálfskýjað
- Skýjað
- Alskýjað
- Norðan, 4 vindstig: Vindörin sýnir vindstefnu og fjaðrirnar vindstyrk, heil fjöður er 2 vindstig.
- Rigning
- Slydda
- Snjókoma
- 10 Hitastig: 10 gráður á Celsíus
- Skúrir
- Él
- Þoka
- Þokumóða
- Súld
- Mistur
- Skafrenningur
- Þrumuveður

VEÐUR VÍÐA UM HEIM

kl. 12.00 í gær að ísl. tíma.

	hiti	veður
Akureyri	19	hálfskýjað
Reykjavík	10	súld
Bergen	14	léttskýjað
Helsinki	13	þrumuveður
Kaupmannah.	18	léttskýjað
Narssarssuaq		vantar
Nuuk	3	rigning
Osló	17	hálfskýjað
Stokkhólmur	17	hálfskýjað
Þórshöfn	13	súld
Algarve	31	léttskýjað
Amsterdam	17	skýjað
Barcelona	29	heiðskírt
Berlín	13	skúr
Chicago	21	skýjað
Feneyjar	26	hálfskýjað
Frankfurt	20	skýjað
Glasgow	21	skýjað
Hamborg	18	hálfskýjað
Las Palmas	26	heiðskírt
London	22	skýjað
Los Angeles	19	mistur
Lúxemborg	18	skýjað
Madríd	36	heiðskírt
Malaga	28	léttskýjað
Mallorca	22	vantar
Montreal		vantar
New York		vantar
Orlando	26	léttskýjað
París	25	léttskýjað
Róm	27	léttskýjað
Vín	17	rigning
Washington	22	þokumóða
Winnipeg		vantar

Borgin kaupir Broadway:

Kaupverðið samtals um 118 milljónir króna

BORGARRÁÐ hefur samþykkt samning, sem undirritaður hefur verið við Ólaf Laufdal, um kaup á skemmtistaðnum Broadway. Kaupverðið er samtals um 118 milljónir króna; þar af verða 100 milljónir greiddar með skuldabréfi til tólf ára, borgin fellir niður fjögurra og hálfrar milljónar króna skuld eiganda skemmtistaðarins vegna vangreiddra fasteigagjalda og afgangurinn, þrettán og hálf milljón, er andvirði tveggja lóða við Aðalstræti og Túngötu, sem seljandi Broadway fær nú til eignar. Í Broadway hyggst borgin reka áfengislausan skemmtistað fyrir unglinga auk þess sem þar verður aðstaða fyrir félagsmiðstöð unglinga í Seljahverfi og félagsstarf aldraðra.

Við afgreiðslu kaupsamningsins í fundi borgarráðs í gær lögðu fulltrúar minnihlutans fram bókun þar sem sagt er að skemmtistaðurinn Broadway muni sjálfsagt nýtast Reykvíkingum ekki síst unglingum og því séu fulltrúar minnihlutaflokkanna samþykkir kaupunum. Hins vegar komi Broadway ekki í stað þess unglingahúss í miðbæ Reykjavíkur, sem stjórnarandstaðan hafi ítrekað flutt tillögur um og auk þess eigi enn eftir að koma upp félagsaðstöðu fyrir unglinga í Seljahverfi. Í bókuninni segir einnig, að þau vinnubrögð borgarstjóra,að undirrita fyrst samninga og kynna þá síðan borgarráði, séu nú sem oft áður andlýðræðisleg og ámælisverð.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu þá fram bókun, þar sem segir: „Borgarstjóri hefur bæði í borgarstjórn og borgarráði kynnt fyrir borgarfulltrúum að hann ætti í óformlegum viðræðum vegna hugsanlegra kaupa á Broadway. Fullyrðingu í bókun minnihlutans um andlýðræðisleg og ámælisverð vinnubrögð borgarstjóra í þessu máli er því vísað á bug.“

Að sögn Davíðs Oddssonar, borgarstjóra, verður húsið afhent Reykjavíkurborg þann 1. nóvember næstkomandi og er gert ráð fyrir því að hægt verði að taka það í notkun þá þegar.

Borgarráð samþykkti tillögu Katrínar Fjeldsted borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að efnt verði til samkeppni meðal unglinga um nýtt nafn á skemmtistaðinn. Íþrótta- og tómstundaráði verður falin framkvæmd keppninnar.

Lyngholt sf:

Mariane Danielsen seld þriðja aðila

Morgunblaðinu hefur borizt eftirfarandi yfirlýsing frá Lyngholti sf. Lyngholt er eigandi danska skipsins Mariane Danielssen, sem strandaði við Grindavík í janúar síðastliðnum.

„Samningar hafa ekki tekizt milli fyrirtækisins og Finnboga Kjeld, sem hugðist kaupa skipið. Því mun skipið verða selt þriðja aðila. Telja forráðamenn Lyngholts sf að með þessu fyrirkomulagi verði hagsmunir allra tryggðir.“

Egill Jónasson látinn

Húsavík.


EGILL Jónasson skáld á Húsavík lést í gær, 18. júlí, tæpra 90 ára, fæddur 27. desember 1899.

Egill vann mestan sinn aldur við verslunar- og skrifstofustörf, hóf þau ungur hjá Bjarna Benediktssyni kaupmanni en var lengst af starfsmaður hjá Kaupfélagi Þingeyinga.

Egill var snjall og þjóðþekktur hagyrðingur og var hann oft hvattur til þess að gefa út ljóð sín í bók en það vildi hann ekki. Lausavísur hans munu lifa með þjóðinni svo lengi sem hún hefur áhuga á rímuðum ljóðum.

Konu sína, Sigfríði Kristinsdóttur, missti hann fyrir 10 árum. Þau eignuðust þrjú börn sem öll lifa foreldra sína.

– Fréttaritari



Egill Jónasson